

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Þetta var ekki puntur

— vonast er til að hún skili beinhörðum árangri sem konur finni fyrir í daglegu lífi sínu og auðveld

Rásteftan Konur og lýðræði við árbúsundamót, sem haldin var hér um síðustu helgi, vakti mikla athygli fyrir þá frægu gesti sem sátu hana og þá einkum forsetafrú Bandaríkjanna, Hillary Clinton.

Konur og lýðræði við árbúsundamót er yfirgripsmikið verkefni sem ekki er einfalt að gera tæmandi skil, enda fór það svo að við stöndum uppi með spurningar um hvaða tilgangi ráðstefnan bjónaði fyrir utan það að draga hingað til lands heimsfræga gesti. Einnig hefur verið spurt fyrir hvaða konur ráðstefnan var haldin, hvernig val á ráðstefnugestum hafi farið fram, hver sé niðurstaðan — og fyrir hvern.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir er formaður undirbúnings- og framkvæmdaneftar ráðstefnunar og er þessa dagana að ganga frá gríðarmiklum gögnum sem komu frá þeim tju málstofum sem störfuðu ráðstefnuhélina og hún mun skila í hendir Jafnréttisskrifstofu Norðurlandaráðs um næstu mánaðamót.

Samvinna yfir gömlu kalandastríðslínuna

Tilgang ráðstefnunnar segir Sigríður Dúna í fyrsta lagi hafa verið að draga athygli að stöðu kvenna og þeiri staðreyni að án fullrar þátttöku kvenna á öllum svíðum þjóðfélagsins sé lýðræðið orðin tóm.

„Í öðru lagi, að setja á laggirnar verkefni sem horfa til úrbóta hvad varðar aðstæður kvenna á öllum þáttkulöndunum,“ segir hún og bætir við: „Með því er vonast til að ráðstefnan skili beinhörðum árangri sem konur finni fyrir í daglegu lífi sínu og

aðveldi þeim að beita sér þar sem þær kjósa. Í þriðja lagi má segja að tilgangurinn hafi verið að efla tengsl okkar við nágrannabjóðir okkar í austri og vestri og stuðla að samvinnu yfir gömlu kalandastríðslínuna, með aðstæður og kjör kvenna í brennidlepí, í fjórða lagi, má segja að tilgangurinn hafi verið að færa mállefni sem snerta konur og lýðræði að þungamiðju stjórnmálaumræðunnar, bæði hér og annars staðar. Það skilar vonandi árangri á fleiri svíðum en tekin voru fyrir á ráðstefnunni þegar fram líða stundir.“

Á hvern hátt snertir viðfangsefni ráðstefnunnar konur sem búa við lýðræði hér á Íslandi?

„Við vitum að konur eru mun færri í valdastöðum en karlar hér á landi, kynbundinn launamunur er enn við lýði og að konur eiga oft erfitt uppráttar á vinnumarkaði, meðal annars vegna fjölskylduhlutverks síns. Á þessu tók ráðstefnan og að skila árangri til úrbóta fyrir íslenskar konur.“

Hvort var verið að beina sjónum karla eða kvenna að þessu misrétti?

„Hvoru tveggja. Hins vegar var yfirlægandi meirihluti þáttakenda á ráðstefnunni konur sem sýnir að það eru fyrst og fremst konur sem starfa að þessum málefnum. Mín skoðun er sú að full þátttaka karla í þessu umþóttastarfí sé nauðsyn.“

Lágt sjálfsmat kvenna er dragbítur

Sigríður Dúna segir að brátt fyrir þessa stöðu, sem ekki sé nóg ógáð á Íslandi, þá sé óliku saman að jafna, stöðu kvenna á Norðurlöndum ann-

ars vegar og baltnesku löndunum og Rússlandi, hins vegar. „Ráðstefnan bjónaði svölinn óðrum tilgangi fyrir konur þaðan en okkur norrænar konur. Eins og Hillary Clinton sagði í raðu sinni, þá hefðu þessar konur ekki komist á svona ráðstefnu fyrir tju árum. Vesturlönd voru þeim þá lokað og þátttaka þeirra nú því angað nýsfengnu frelsi. Að hafa setið þessa ráðstefnu veitir konum frá þessum löndum mikinn styrk í starfi heima fyrir og gefur örðum þeirra og gjörðum aukið aflat.“

Fyrir norrænar konur er ráðstefnan ekki eins mikill viðburður að þessu leytinu til, vegna þess að við höfum á undansförnum áratugum

haldið sjöldann allan af ráðstefnum um málefni kvenna sem meðal annars hafa átt þátt í að skila okkur þeirri stöðu sem við þó höfum í dag.“

Sigríður Dúna talar um að konur séu færri í valdastöðum en karlar, kynbundinn launamunur sé enn við lýði hér og að konur eigi erfitt uppráttar á vinnumarkaði. Þegar hún er spurð hvort hér sé ekki við konur sjálfar að sakast, þær hafi ekki nógur sterka sjálfsmynnd eða óflugi sjálfsmat til að sækja fram og krefjast þess að vera metnar að verðleikum, svarar hún: „Það er enginn vað að lágt sjálfsmat kvenna er dragbítur. Það vantart stundum tölvert upp að konur meti sjálfar sig — og aðrar konur — að verðleikum, enda skilaboðin sem konur fá oft bæði misvisandi og ekki til styrkingar fallin. Allt sem effir og styrkir sjálfsmynnd kvenna er því lykilatriði.“

Ráðstefna sú sem er nýfestaðin gefur okkur nokkuð skýra mynd af því hvar sumar konur standa í samfélögum, en á hvern hátt getur hún styrkt persónulega sjálfsmynnd þeirra kvenna sem enn hafa ekki fundið hjá sér kjark til að krefjast þess að verða metnar að verðleikum?

„Það kemur margt til. Eitt af því sem styrkir sjálfsmynnd kvenna er árangur í starfi og ráðstefnan beindi athyglinni að stöðu kvenna á vinnumarkaði og frumkvæði þeirra í atvinnulifini. Sömuleiðis treystir það sjálfsmynndina að taka beinan þátt í lýðræðinu, til dæmis að standa upp á fundi, hvort sem það er á vinnustað eða í stjórnálum eða hvaða opinberum vettvangi sem er, segja sína skoðun og finna að tekið sé mark á henni. Þetta var eitt af viðfangsefnum ráðstefnunnar.“

Þær gagnrýnisraddir hafa heyrst að þetta hafi ekki verið ráðstefna fyrir hina almennu konu, heldur einhvers konar „elitufundur“ fyrir takmarkaðan hóp kvenna, rétt eins og kennabaráttan í Bandaríkjum hefur verið gagnrýnd fyrir að vera aðeins fyrir „hvítar menntaðar miðstéttarkonur“.

„Þetta var ekki punturáðstefna. Staðreynind er sú að þáttakendur voru einmitt ekki valdir eftir þjóðfélagsstöðu eða opinberu hlutverki. Þvert á móti reyndum við að ná til



Það var hlutverk hinna heimsfrægu gesta að draga athygli að ráðstefnunni og þar með grasróttinni.



Tilgangur ráðstefnunnar var í fyrsta lagi að draga athygli að stöðu kvenna og þeiri staðreyni að án fullrar þátttöku kvenna á öllum svíðum þjóðfélagsins sé lýðræðið orðin tóm.

áðstefna

Iði þeim að beita sér þar sem þær kjósa

grasrótarnar. Það voru send út mörg hundruð bréf til allra einstaklinga og grasrótarsamtaka sem við gátum fundið í þáttökulöndunum. Þau voru beðin um að greina vannan í sinu heimalandi og gera tilögu um verkefni til úrbóta. Á grundvelli þessara svara voru þáttakendur valdir. Síðan hefur athyglin auðvitað beinst mjög mikil að þeim heimsfrægu gestum sem hér voru. En það var jú þeirra hlutverk að draga athyglina að ráðstefnunni - og þar með grasrotinni."

Vel grundað lýðræði gengur í skrefum

„En við skulum ekki gleyma því að það var rikisstjórnin sem hélt ráðstefnuna og með því er hún að senda skilabóð til allra karla og kvenna á Íslandi um að jafnréttismálín skipti mjög miklu mál; þau séu mál sem ekki sé haegt að afgreiða sem sérvisku i fæinum skrýtnum kerlingum, heldur séu þau lykilmál.“

Hvað með stöðu kvenna í Sjálfstæðisflokknum, sem hefur verið gagnrýndur fyrir að halda konum niðri, kemur hún til með að batna?

„Sjálfstæðisflokkurinn var fyrstur flokka til að koma konum á þing, í ráðherraembætti og að gera konu að borgarstjóra og hann hefur alla tið sýnt þessum málefnum áhuga. Fyrir fæinum árum var landsfundur flokksins til demis helgaður umræðu um jafnréttismál. Þegar athugað er hversu margar konur gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn, þá eru þær fleiri en karlar á sveitarstjórnarsviðinu og sækja jafnt og þétt á á landsmálasviðinu. Þetta er markviss þróun. Vel grundað lýðræði gengur ekki í stökum, heldur í skrefum.“

Lítill umfjöllun erlendra fjölmöðla

Erlendir fjölmöðlar hafa litið sjallað um ráðstefnuna. Er ástæða til að ætla að hún veiki áhuga fyrir utan Ísland?

„Það er ekki komið í ljós enn þá hversu mikil verður fjallað um hana erlendis, vegna þess að margir þeirra fjölmöðla sem voru hér eru timarit. Þær koma fréttir ekki strax fram en efni sem fjallað er um er í staðinn gerð þeim mun betri skil. Þegar á þriðjudaginn voru til demis fréttir af ráðstefnunni í premur sánscum blöðum og þetta á allt eftir að skila sér. Efni frá ráðstefnunni verður sent út til fjölmöðla sem háðu um það og fjallað þar um hana með tið og tíma. Þess ber að gæta að ráðstefnan höfðar ekki sérstaklega til miðla sem eru í æsifréttum, heldur þeirra sem leggja upp úr vandaðri umfjöllun.“

Sem fyrr segir er nú unnið að því að skrifstofu ráðstefnunnar að ljúka störrum, ganga frá niðurstöðum, loka skrifstofunni og senda öll gögn til skrifstofu jafnréttismála Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn. Sú skrifstofa mun sjá um að fylgja eftir verkefnum sem fjallað var um að ráðstefnuni og undirbúa framhaldsráðstefnu sem verður í Litháen eftir eitt og hálft ár. Að sögn Sigríðar Dúnu verður formlega gengið frá þeirri ráðstefnu á næsta Nordurlandaráðspindi í byrjun nóvember. „Bá ætla ég að vera tilbúin með öll minn gögn hér til þess að hægt verði að flytja þau til Kaupmannahafnar,“ segir hún og það er ekki laust við feginleikatóni í röddinni, enda hlýtur það að hafa verið klepps-

vinna að koma ráðstefnunni heim og saman á átta mánuðum. En hvað tekur við hjá Sigríði Dúnu?

„Ég hef ekki hugmynd um það.“ Nú er ekki langt síðan þú fluttir þig frá Kvennalistanum yfir í Sjálfstæðisflokkinn. Ertu í einhverjum ábyrgðar- eða trúnaðarstöðum þar?

„Nei, nema að það var vissulega ábyrgðarstaða að taka að mér ráðstefnuna, en það gerði ég að beiðni forsætisráðherra.“

Ætlarðu aftur í pólitíkina?

„Nei, þetta er orðið gott. Þetta er að verða tuttugu ára úthald, því þegar Friðrik var fjármálaráðherra var pólitíkin ríkjandi þáttur í lífi okkar. Núna njótum við þess bæði að vera utan við hana.“

EKKI Í FORSETAFRAMBOÐ

„Ég sný mér aftur að kennslu og rannsóknun í Háskóla Íslands. Ég var í miðjunum klíðum að skrifa bók þegar ég tök þessa ráðstefnu að mér og ég hlakka mikil að komast aftur í það verkefni.“

Það hefur gengið fjöllum hærra að þú hyggist bjóða þig fram til forsetaembættis í vor. Er eitthvað til í því?

„Nei, ég hef engin áform um það.“ Hvers vegna heldurðu að sá kvíttur hafi farið af stað?

GÓÐ OG STÓR VILJAYFIRLÝS-ING

Bú segir að þessa dagana sé verið að ganga frá niðurstöðum ráðstefnunnar. Hvaða niðurstöður séðu nú þegar sem geta orðið konum á Íslandi til framdráttar?

„Niðurstöður sem benda eindregið í þá átt að íslenskar konur eigi að geta beitt sér hvar sem er í þjóðfélögum, af mun meiri krafti en áður.“

Þetta verður ekki hrast fram úr erminni vegna þess að margt þarf að breytast í íslensku þjóðfélagi til þess að þessum markmiðum verði náð. En þetta er góð og stór viljayfirlýsing.“

Þar fyrir utan kynnti forsætisráðherra fjögur verkefni sem snúa

beint að íslenskum konum: Jöfnun fæðingarorlofsréttar foreldra; að gera átak í að konur hafi sômu laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf hjá ríkinu og sômu möguleika og karlar til starfsframa; átak til aukinnar jafnréttisfræðslu í grunnskólam og auk þess er félagsmálaráðherra reiðubúinn til að leita leiða til að samhaefja fjölskylduábyrgð og ábyrgð á vinnumarkaði.

Þetta verður ekki hrast fram úr erminni vegna þess að margt þarf að breytast í íslensku þjóðfélagi til þess að þessum markmiðum verði náð. En þetta er góð og stór viljayfirlýsing.“

-sús



Þetta er orðið ágætt úthald, því þegar Friðrik var fjármálaráðherra var pólitíkin ríkjandi þáttur í lífi okkar. Núna njótum við þess bæði að vera utan við hana.

DV-mynd PÖK